

Nova Klúbburinn birtir uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2024



Áframhaldandi fjölgun viðskiptavina í harðri samkeppni

Helstu niðurstöður á fyrsta ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.197 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2024 samanborið við 3.195 m.kr. á fyrra ári. Á samanburðarári tekjufærði félagið einskiptislið að fjárhæð 37 m.kr. vegna sölu eigna, leiðrétt fyrir því er 1,3% tekjuvöxtur á milli ára.
- Þjónustutekjur námu samtals 2.484 m.kr. og vaxa um 4,5% á milli ára.
- EBITDA nam 903 m.kr. samanborið við 949 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári, EBITDA hlutfallið var 28,2% á fjórðungnum samanborið við 29,7% á fyrra ári.
- Hagnaður fyrsta ársfjórðungs var 132 m.kr. og lækkar um 28 m.kr. Að teknu tilliti til einskiptisliðar á fyrra ári eykst hagnaður um 3 m.kr. á milli ára.
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum er 582 m.kr. samanborið við 169 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 197 m.kr. og lækka um 17,9% frá fyrra ári.
- Eiginfjárlutfall var 39,7% í lok fjórðungsins og eigið fé nam samtals 9.364 m.kr.
- Viðskiptavinum fjölga milli ára, bæði í Flakk- og Fastneti.

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova:


“Árið 2024 byrjar af miklum krafti en einnig með áskorunum. Með gleðina og metnaðinn að vopni hefur Nova liðið tekist á við þessar áskoranir sem samhent lið. Það hefur skilað því að fjölgað hefur í viðskiptavinahópi Nova þrátt fyrir harða samkeppni og krefjandi stöðu í íslensku efnahagslífi. Mikil krafa er í samfélaginu um að ná stöðugleika, hlúa að innviðum og halda áfram uppbygginu þeirra, á sama tíma og kostnaðarhækkunarir hafa verið áskorun og þrýst á þörf fyrir verðhækkunarir. Þjónustutekjur hafa vaxið en vörusala heldur áfram að dragast saman þar sem viðskiptavinir eiga símtækin sín lengur en áður, en það hefur þó lítil áhrif á rekstrarniðurstöðu. Framlegð af vörusölu er almennt lág ef miðað er við þjónustutekjur. Aftur á móti hafa þjónustutekjur hækkað milli ára sem vegur upp lækkun á tekjum af vörusölu. Stækkun þjónustuvæðis á síðasta ári með nýjum samstarfsaðilum hefur fengið góðar viðtökur sem og sérlausnir til stórnotenda á fyrirtækjamarkaði. Samkeppnin er mikil og öflug og það gerir leikinn skemtilegan. En stefna okkar er að öll sem eru í viðskiptum hjá Nova fái bestu kjörin og það á við bæði um nýja viðskiptavini sem og þá sem hafa verið með okkur lengi. Skýr stefna félagsins um að halda besta netinu, bestu þjónustunni, og ávallt færa viðskiptavinum mesta virðið hefur skilað sterkri stöðu og miklum tækifærum fyrir frekari vöxt. Þetta hefur skilað sér í að okkar viðskiptavinir eru þeir ánægðustu ár effir ár. Markmið okkar er að halda áfram að auka ánægju viðskiptavina okkar en hún og tryggð okkar frábæra viðskiptavinahóps eru alltaf okkar verðmætasta eign.”

Helstu niðurstöður í rekstri fyrsta ársfjórðungs:

Tekjustofnar

	1F 2024	1F 2023	Breyting	%
FlakkNet	1.549	1.503	46	3,1%
FastNet	936	875	60	6,9%
Vörusala	419	468	-49	-10,5%
Aðrar tekjur	294	348	-55	-15,7%
Heildar rekstrartekjur	3.197	3.195	3	0,1%


Heildartekjur




Heildartekjur á fyrsta ársfjórðungi hækkuðu um 0,1% frá fyrra ári og námu samtals 3.197 m.kr. Á samanburðarári tekjufærði félagið einskiptislið að fjárhæð 37 m.kr. vegna sölu eigna, leiðrétt fyrir því er 1,3% tekjuvöxtur á milli ára.

Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 2.484 m.kr. og vaxa um samtals 106 m.kr., sem er 4,5% vöxtur á milli ára. Þessi tekjuvöxtur skýrist af áframhaldandi fjölgun viðskiptavina, bæði á einstaklings og fyrirtækjamarkaði, sem og aukningu í reikitekjum af ferðamönnum. Stækkun þjónustuvæðis um 43.000 heimili á síðasta ári með nýjum samstarfsaðilum er að fá góðar viðtökur sem og sérlausnir til stórnotenda á fyrirtækjamarkaði.

FastNet




FlakkNet




Vörusölutekjur námu samtals 419 m.kr. og dragast saman um 49 m.kr. sem er 10,5% lækkun á milli ára, skýrist sú lækkun einna helst af minni sölu símtækja þar sem viðskiptavinir eiga símtækin sín að jafnaði lengur en áður. Gera má ráð fyrir áframhaldandi sömu þróun ef horft er til erlendra markaða. Útfösun á 2G/3G fjarskiptatækni kallar þó á endurnýjun tækja hluta viðskiptavina. Allir sendastaðir Nova eru með 4G eða nýrri tækni og er áætlað að slökkt verði á 2G tækni um næstu áramót.

Aðrar tekjur nema samtals 249 m.kr. og dragast saman um 55 m.kr., eða um 15,7% á milli ára. Fyrirnefndur einskiptisliður er færður undir aðrar tekjur, en leiðrétt fyrir þeim lið eru aðrar tekjur að dragast saman um 5,7%, sem skýrist helst af lækkun á öðrum sölutekjum svo sem fastlínutekjum.

Vörusala





Aðrar tekjur



Rekstrarreikningur

	1F 2024	1F 2023	Breyting	%
Heildar rekstrartekjur	3.197	3.195	3	0,1%
Kostnaðarverð seldra vara	1.504	1.521	-17	-1,1%
Laun og launatengd gjöld	516	468	48	10,3%
Annar rekstrarkostnaður	272	257	16	6,1%
Heildar rekstrargjöld	2.293	2.245	47	2,1%
EBITDA	905	949	-45	-4,7%
EBITDA%	28,3%	29,7%	-1,4%	-4,8%
Afskriffrir	(-543)	(-512)	(-31)	6,0%
Rekstrarhagnaður	362	437	(-75)	-17,2%
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(-196)	(-238)	43	-17,9%
Tekjuskattur	(-33)	(-39)	7	-16,6%
Hagnaður tímabilsins	133	159	(-26)	-16,5%
Hagnaður á hlut	0,04	0,04	(-0,006)	-13,5%



Heildar rekstrargjöld nema samtals 2.293 m.kr. og hækka um 2,1% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 1.504 m.kr. og lækkar um 17 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri innkaupakostnaði vegna minni vörusölu, en á móti hækkar þjónustukostnaður vegna fjölgunar viðskiptavina. Einnig er hluti rekstrarkerfa, sem áður voru eignfærð og afskrifuð, nú rekin í skýjalausn og því gjaldfærð mánaðarlega undir kostnaðarverði seldra vara. Framlegðarhlutfall í vörusölu er almennt lágt ef miðað er við þjónustutekjur, en jákvætt er að horfa á að framlegð hefur hækkað á milli ára sem vegur upp á móti lækkun tekna og hefur því lítil áhrif á rekstrarniðurstöðu. Þann 1. mars uppfærði félagið fjárhagskerfi sitt í skýjalausn og hafa þá bæði fjárhags- og reikningagerðarkerfi nú verið uppfærð í skýjalausnir sem kemur til með að birtast í tilfærslu frá afskriftum til rekstrargjalda í rekstrarreikningi fram veginn.


Laun og launatengd gjöld nema samtals 516 m.kr. og hækka um 48 m.kr. sem nemur 10,3% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum, en stöðugildum fjölga einnig lítillega milli ára. Orlofskuldbinding á tímabilinu er einnig verulega hærri á milli ára en gert ráð fyrir að hún lækki út árið og jafnist við fyrra ár. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 272 m.kr. og hækkar um 16 m.kr. sem nemur 6,1% hækkun á milli ára. Sú hækkun skýrist helst af almennum verðlagshækkunum.

EBITDA nemur samtals 905 m.kr. EBITDA hlutfall tímabilsins er 28,3% samanborið við 29,7% á sama tímabili á fyrra ári. Um þriðjungur af þessari lækkun skýrist vegna áðurnefndra breytinga á rekstrarkerfum sem nú eru rekin í skýjalausnum.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 196 m.kr. og lækka um 17,9% á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri verðbólgu sem og lægri stöðu vaxtaberandi lána, í kjölfar samningsbundinna greiðslna sem og viðbótargreiðslna inn á höfuðstól vaxtaberandi lána á seinni hluta síðasta árs.

Hagnaður tímabilsins var 133 milljónir. Á samanburðarári tekjufærði félagið einskiptislið að fjárhæð 37 m.kr. vegna sölu eigna, leiðrétt fyrir því er um 3 m.kr. hækkun á hagnaði á milli ára.

Hagnaður tímabilsins




Efnahagur

	31.3.2024	31.12.2023	Breyting	%
Viðskiptavild	10.136	10.049	88	0,9%
Óefnislegar eignir	1.579	1.639	-61	-3,7%
Rekstrarfjármunir	4.090	4.030	60	1,5%
Leigueignir	4.312	4.292	21	0,5%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinneign	481	476	6	1,2%
Fastfjármunir samtals	20.601	20.488	113	0,6%
Birgðir	533	405	128	31,5%
Viðskiptakröfur	1.220	1.125	95	8,5%
Aðrar skammtímakröfur	851	655	197	30,0%
Handbært fé	380	497	-117	-23,6%
Veltufjármunir samtals	2.984	2.681	303	11,3%
Eignir samtals.....	23.585	23.170	415	1,8%
Eigið fé.....	9.364	9.277	87	0,9%
Vaxtaberandi langtímaskuldir	1.970	1.995	-25	-1,2%
Tekjuskattskuldbinding	0	0	0	0,0%
Leiguskuldbindingar	6.340	6.329	12	0,2%
Aðrar skuldir	2.967	2.964	3	0,1%
Langtímaskuldir samtals	11.277	11.287	-10	-0,1%
Næsta árs afb. Langtímask.	100	100	0	-0,2%
Viðskiptaskuldir	1.140	813	328	40,3%
Ógreiddir skattar	274	275	-1	-0,4%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og	266	244	23	9,3%
Aðrar skammtímaskuldir	1.164	1.174	-10	-0,8%
Skammtímaskuldir samtals	2.944	2.606	339	13,0%
Skuldir samtals.....	14.221	13.893	329	2,4%

Fastfjármunir félagsins námu 20.601 m.kr. í lok tímabilsins en voru 20.488 m.kr. um áramót. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lífillega vegna nýrra sendastaða og áhrifa vísitöluhækkana umfram afskriftir. Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.984 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.681 m.kr. um áramót.

Eigið fé félagsins nam 9.364 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.277 m.kr. um áramót. Eiginfjárhluftall félagsins var 39,7% í lok tímabilsins samanborið við 40,0% um áramót.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.277 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.287 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lífillega með nýjum viðbótum umfram afborganir. Skammtímaskuldir félagsins námu 2.944 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.606 m.kr. um áramót, sú hækkun skýrist af tilfallandi hárrí stöðu viðskiptakrafna yfir mánaðamóttin í lok ársfjórðungsins.



Sjóðstreymi


	1F 2024	1F 2023	Breyting
Veltufé frá rekstri	905	949	-45
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldu	(-104)	(-345)	240
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-179)	(-181)	3
Greiddir skattar	(-39)	(-254)	215
Handbært fé frá rekstri	582	169	413
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-412)	(-375)	(-36)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-62)	(-69)	7
Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017	(-88)	0	(-88)
Fjárfestingahreyfingar	(-562)	(-445)	(-117)
Keypt eigin bréf	(-45)	0	(-45)
Afborgun leiguskuldbindinga	(-55)	(-49)	(-6)
Afborgun annarra langfímaskuldbindinga	(-13)	(-11)	(-2)
Afborganir langfímalána	(-26)	(-33)	7
Fjármögnunarhreyfingar	(-139)	(-93)	(-45)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-118)	(-369)	251
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1	4	(-3)
Handbært fé í upphafi tímab.	497	665	(-168)
Handbært fé í lok tímabilsins	380	300	80

Veltufé frá rekstri nam 903 m.kr. á tímabilinu samanborið við 949 m.kr. á fyrra ári. Handbært fé frá rekstri er 582 m.kr. og hækkar frá 169 m.kr. á fyrra ári, hækkunin skýrist að mestu af ofgreiðslu skatta í upphafi samanburðarárs, en einnig eru breytingar á reikstartengdum eignum jákvæðari sem og greidd vaxtagjöld lægri.

Fjárfestingahreyfingar námu 562 m.kr. samanborið við 445 m.kr. á fyrra ári og aukast um 117 m.kr. Aukningin skýrist að mestu vegna uppgjörsgreiðslu í mars tengdri kaupum á félagi á árinu 2017, fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum eru í línu við fyrra ár.

Fjármögnunarhreyfingar eru 139 m.kr. á tímabilinu samanborið við 93 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Í byrjun janúar lauk félagið endurkaupum hlutabréfa í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars 2023, með kaupum á 5.405 þúsund eigin hluta fyrir heildarupphæð 44,8 m.kr.

Handbært fé frá rekstri



Fjárfestingar

Fjárfestingar á tímabilinu eru í samræmi við heildaráætlanir ársins sem lækka frá fyrra ári. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum nema samtals 412 m.kr., en þar er um að ræða uppbyggingu fjarskiptakerfisins, bæði kjarna og dreifikerfi, þar sem m.a. er unnið að því að innleiða svokallaða 5G standalone tækni. Eitt af markmiðum Nova er að vera með besta netsambandið og nýjasta óháða gæðaprófunin sem unnin var af fyrirtækinu Umlaut í janúar á þessu ári sýnir að félagið er þar áfram í fararbroddi.

Fjárfestingar í óefnislegum eignum nema samtals 62 m.kr. og innihalda m.a. þróun og viðbætur á þjónustukerfum sem og fyrrnefnda uppfærslu á fjárhagskerfi sem nú er rekið í skýjalausn.

Horfur fyrir árið 2024

Félagið gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.800 m.kr. til 4.100 m.kr. Einnig er áætlað að heildar fjárfestingar verði um það bil 12%-14% af heildartekjum.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um businessinn hjá Nova Klúbbum í sögulegu samhengi. Námskeið á vegum Akadémías í úrlestri ársreikninga, er aðgengilegt á vef Nova.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

Fjárhagsdagatal 2024

Uppgjör 2F 2024	22. ágúst 2024
Uppgjör 3F 2024	24. október 2024
Ársuppgjör 2024	27. febrúar 2025
Aðalfundur 2025	27. mars 2025

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öftugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í fararbroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

Tekjuflokkar

FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

Vörusala

Tekjur af sölu á simtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

Aðrar tekjur

Tekjur af annari fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda ffokka, svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.